

182

15. sept.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

17. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

18. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Palmason.

183

15. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögutá í stefnu á Búðatanga, að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látragnoppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps kýs þrjá menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður og formaður nefndarinnar. Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt, og sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjöldum og vörugjaldi, gegn innheimtulaunum þeim eða kaupum, sem um semur.

Hafnarnefnd ber að sjá um reikningsskil fyrir hafnarsjóð og stjórnar sjóðnum undir yfirumsjón hreppsnefndar.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda og skal hún leita álits hafnarnefndar um það.

Hreppsnefnd ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta og ber ábyrgð á innstæðum hans og reikningsskilum eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og úrskurðast ásamt honum.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. 183
15. sept.

III. KAFLI

Almennar reglur.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar.

Öllum er skylt að hlýða boði hennar og banni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum ef út af er brugðið.

4. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það er getur valdið bruna.

Ekki má skjóta eða hera skotvopn á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarnefndar.

5. gr.

Hafnarnefnd ber að gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt skal bátum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þeir koma að, en skylt er þeim að fara frá bryggju er þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að, og sama gildir um upp- og útskipun á vörum.

V. KAFLI

Um hafnargjöld.

7. gr.

Fyrir uppskipunarskip skal árlega greiða kr. 25.00.

8. gr.

Vörugjöld.

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í 1. grein reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi og útlendum áburði kr. 3.00 fyrir hverja smálest.
2. Eigendur fiskibáta, sem aðsetur hafa á Arnarstapa, skulu greiða af afla bátanna kr. 4.00 af hverri smál. af hausuðum og slægðum fiski.
3. Af óverkuðum saltfiski og þurrum fiskbeinum kr. 3.00 fyrir hverja smál.
4. Af verkuðum saltfiski og frystri sild kr. 4.00 fyrir hverja smál.
5. Af heilfötum (olíufötum) kr. 1.00 fyrir hvert.
6. Af hálfötum og tómum tunnum kr. 0.50 fyrir hvert.
7. Af kjöttunnum (heilum) kr. 0.70 fyrir hverja.
8. Af kjöttunnum (hálfum) kr. 0.35 fyrir hverja.
9. Af kindaskrokkum kr. 0.50 fyrir hvern.
10. Af lifandi sauðfé kr. 0.80 fyrir hverja kind.
11. Af stórgripum (lifandi) kr. 5.00 fyrir hvern grip.
12. Af trjávið og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli kr. 0.12 fyrir rúm.fet.
13. Af bátum kr. 10.00.

- 183 14. Af öllum öðrum vörum kr. 0.50 fyrir hver 100 kg.
15. sept. Um gjald af vikri fer eftir sérstökum samningi.

Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu, einnig vistir og aðrar nauðsynjar, fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja á höfn, og nota til eigin þarfa.

Vörugjald skal reiknast eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu, þegar eftir komu eða burtför skipanna.

Hafnarnefnd ber að innheimta öll hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektarféð rennur í hafnarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir lendingarsjóð Stökkseyrar.

1. gr.

Takmörk lendingarinnar eru að utan skerjagarðurinn, að austan bein lína frá Knararósvita í vestur út í skerjagarðinn, að vestan bein lína eftir mörkum Stökkseyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps út í skerjagarðinn.

2. gr.

Hreppsnefnd Stökkseyrarhrepps hefur á hendi stjórn lendingarinnar undir yfirmisjón atvinnumálaráðuneytisins.